

Starfsáætlun leikskólans Akra árið 2013-2014

Helstu verkefni og áherslur

Leggja áherslu á grunngildi leikskólans Akra sem eru virkni og vellíðan.

Vellíðan barna eru höfð í fyrirrúmi enda verður börnunum að líða vel í leikskólanum svo þau geti tekið þátt.

Starfið er svo skipulagt út frá þátttöku og virkni barnanna. Gengið er út frá því að börnin hafa eitthvað til málanna að leggja um allt sem varðar þeirra með tilliti til aldurs og þroska.

- Skapa menningu á Ökrum.
- Skapa okkar eigin hefðir og venjur.
- Leggja áherslu á opinn efnivið og verðlaust efni.
- Ljúka vinnu að námsskrá leikskólans með hliðsjón af Aðalnámsskrá leikskóla.
- Heimasíðan verði virkari, deildarstjórar beri ábyrgð að fréttir og myndir verða settar inn vikulega og aðstoðarleikskólastjóri hefur yfirumsjón með heimasíðunni í samráði við leikskólastjóra.
- Áætlað að hefja nýja matar- og kaffitíma barna eftir áramót þar sem yngri deildir borða saman fyrst og svo eldri deildir. Til þess að það geti orðið þarf að bæta við 4 borðum og 32 stólum.
- Þróa Flæði um allan leikskólann á föstudögum.
- Skoða og tileinka okkur Uppbyggingastefnuna.

Áherslur í foreldrasamstarfi

- Þátttökuaðlögun.
- Vinna með foreldraráði og foreldrafélagi.
- Að hausti er í boði fyrir þá foreldra sem vilja að koma í foreldraviðtal en að vori eru allir boðaðir í foreldraviðtöl.
- Stuðla að nánu samstarfi, gagnkvæmu trausti og að virðing skapist á milli heimili og skóla.

Stefna í starfsmannahaldi.

- Byggja upp góðan starfsanda þar sem allir eru í sama liði og hjálpist að.
- Að leita eftir mannauði hvers og eins.
- Að dreifa ábyrgð og deila verkefnum.
- Starfsmannasáttmáli.
- Móttökuáætlun nýrra starfsmanna.
- Festa betur í sessi deildar- og deildarstjórafundi.

Markmið okkar er að allir fái að blómstra á Ökrum ☺

Fyrir starfsáætlun ársins 2013-2014